

Mál nr. 343/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. september 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 10. október 2023.

Málsatvik.

Í málgögnum kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni og bíll hennar skemmst þegar Y, íbúi í búsetuúrræði á vegum sveitarfélagsins X, hafi hlaupið út á Reykjanesbraut og hoppað í veg fyrir bifreið M þann 1. október 2022. Vísar M til þess að sveitarfélagið X beri ábyrgð á tjóninu þar sem búsetuúrræðið hafi á tjónsdegi verið undirmannað og því þjónustustigi ábótavant. Sveitarfélagið X beri því ábyrgð á því tjóni sem Y hafi valdið, m.a. þar sem X hafi verið undirmannað og starfsmenn X hafi vitað að Y hafi áður gengið út úr búsetuúrræðinu. Vísar M til þess að ákvörðun starfsmanna X um að viðhalda óbreyttu þjónustustigi feli í sér gáleysi, mistök eða vanrækslu, vitandi þess að vinnustaðurinn væri undirmannaður. Loks vísar M til þess að forstöðumaður búsetuúrræðisins hafi viðurkennt vanrækslu í lögregluskýrslu og að starfsmenn X hafi átt að bregðast við undirmönnun, svo sem með því að læsa útidyrhurð.

V telur að ekki verði sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Byggir afstaða félagsins í fyrsta lagi á því að Y dvelji í opnu búsetuúrræði, að íbúar séu frjálssir ferða sinna og geti yfirgefið húsnæði sitt. Starfsmönnum X beri þannig engin skylda til að hefta för þeirra. Þá hafi starfsmenn X ekkert eftirlitshlutverk utan búsetuúrræðisins. Af því leiði að starfsmenn X geti ekki borið ábyrgð á háttsemi Y, hvað þá utan búsetuúrræðisins. Þá vísar X til þess að skyldur starfsmanna X snúi fyrst og fremst að því að aðstoða og tryggja öryggi þjónustuþega innan búsetuúrræðisins. Þannig sé undirmönnun óviðráðanlegt atvik sem feli ekki sjálfkrafa í sér saknæma háttsemi. Enn fjarlægara er að til skaðabótaskyldu stofnist vegna tjóns á bifreið sem sé fjarri húsnæðinu. Skilyrði sakarreglunnar séu því ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort M eigi rétt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V á grundvelli þess að íbúi í búsetuúrræði hafi, líkt og fram kemur í gögnum málsins, komist út úr búsetuúrræðinu og hoppað fyrir ökutæki á akbraut sem er töluvert frá búsetuúrræðinu. Það hvílir á M að sýna fram á bótaskylda hafi stofnast. Af gögnum málsins verður ráðið að ekki hafi verið um lokað búsetuúrræði að ræða heldur hafi íbúar verið frjálssir ferða sinna. Þá liggur einnig fyrir að Y hafi einu sinni áður farið út úr búsetuúrræðinu en ekki liggur fyrir að hann hafi þá valdið tjóni eða sýnt af sér háttsemi sem leiða ætti til sértækra aðgerða starfsmanna X. Einnig liggur ekki fyrir hvort sérstök hættu hafi stafað af Y eða að starfsmönnum X hafi borið að grípa til sérstakra aðgerða til að meina Y för úr búsetuúrræðinu, svo sem ef veikindi eða aðrar fjarvistir væru hjá starfsmönnum. Af gögnum málsins er ljóst að um er að ræða tjón sem valdið var af einstaklingi sem er frjálssir ferða sinna en býr í sértæku heimilisúrræði og nýtur aðstoðar starfsfólks sveitarfélagsins X. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að X geti í máli þessu borið ábyrgð á líkamstjóni M og tjóni á ökutæki M utan búsetuúrræðisins. Verður ekki talið að tímabundinn skortur á starfsfólki feli eitt og sér í sér gáleysi eða leiði til þess að læsa eigi húsnæði búsetuúrræðisins og hindra för íbúa. Þá telur nefndin einnig að önnur skilyrði sakarreglunnar, svo sem um orsakatengsl og sennilega afleiðingu, séu ósönnuð. Þá liggur ekki fyrir að starfsmenn X hafi fengið fyrirhælt um að Y mætti alls ekki fara út úr búsetuúrræðinu eða að sérstök hættu væri á slíkri háttsemi Y vegna undirmönnunar á slysdegi. Hallann af sönnunarskorti um þetta ber M sem á m.v. fyrirliggjandi gögn ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 7. nóvember 2023.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir